

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 995/2010

2013/EES/37/11

frá 20. október 2010

um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFI,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum l. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skógar gefa af sér viðtækan umhverfislegan, efnahagslegan og félagslegan ávinning, þ.m.t. vörur úr timbri og aðrar skógarafurðir og umhverfislegir þættir sem eru nauðsynlegir mönnum, s.s. að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og virkni vistkerfa og að vernda loftslagskerfið.
- 2) Vegna aukinnar eftirspurnar eftir timbri og timburvörum á heimsvísu, ásamt vanbúnaði hjá stofnunum og stjórnunum í tengslum við skógrækt í fjölda landa sem framleiða timbur, veldur ólöglegt skógarhögg og tengd viðskipti sífellt meiri áhyggjum.
- 3) Ólöglegt skógarhögg er útbreitt vandamál sem er verulegt alþjóðlegt áhyggjuefni. Skógum stafar umtalsverð hættu af ólöglegu skógarhöggi þar sem það veldur skógeyðingu og hnignun skóga sem orsakar um 20% af losun koltvísyrings á heimsvísu, ógnar líffræðilegri fjölbreytni og grefur undan sjálfbærri skógarstjórnun og þróun,

þ.m.t. viðskiptalegri afkomu rekstraraðila sem starfa í samræmi við gildandi löggjöf. Það á einnig sinn þátt í eyðimerkurmyndun og jarðvegseyðingu og getur ýtt undir veðurhamfarir og flóð. Þar að auki hefur það félagsleg, stjórnmálaleg og hagræn áhrif, sem geta oft grafið undan framþróun í átt til góðra stjórnunarháttanna og ógna afkomu sveitarfélaga sem eru háð skógunum, og það getur tengst vopnuðum átökum. Þess er vænst að baráttan gegn ólöglegu skógarhöggi innan ramma þessarar reglugerðar muni eiga sinn þátt í átaki Sambandsins til að draga úr loftslagsbreytingum á kostnaðarhagkvæman hátt og skal líta á hana sem viðbót við aðgerðir og skuldbindingar Sambandsins í tengslum við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

- 4) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála⁽³⁾ er það talin forgangsáætlun að skoða möguleikann á því að grípa til virkra aðgerða til að koma í veg fyrir og berjast gegn viðskiptum með ólöglega höggvinnu við ásamt áframhaldandi virkri þátttöku Sambandsins og aðildarríkjanna í framkvæmd hnattrænna og svæðisbundinna ályktana og samninga um málefni tengd skógum.
- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. maí 2003, sem ber yfirskriftina „Löggæsla, góðir stjórnunarháttir og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT): tillaga að aðgerðaáætlun ESB“, eru tillögur um tiltekna ráðstafanir til að styrkja alþjóðlegt átak til að berjast gegn ólöglegu skógarhöggi og tengdum viðskiptum í tengslum við heildaráttak Sambandsins til að ná fram sjálfbærri skógarstjórnun.
- 6) Evrópuþingið og ráðið fögnuðu þessari orðsendingu og viðurkenndu þörfina á því að Sambandið leggi sitt af mörkum til hnattrænna viðleitni til að stemma stigu við ólöglegu skógarhöggi.
- 7) Í samræmi við markmið orðsendingarinnar, þ.e. að tryggja að aðeins séu fluttar inn í Sambandið timburvörur sem eru framleiddar í samræmi við löggjöf í landinu þar sem timbrið er framleitt, hefur Sambandið verið í samningaviðræðum við lönd sem framleiða timbur (samstarfslönd) varðandi valfrjálsta samstarfssamninga (valfrjálssir FLEGT-samstarfssamningar) sem fela í sér lagalega bindandi skyldur fyrir samningsaðilana um að koma í framkvæmd leyfiskerfi og setja reglur um viðskipti með timbur og timburvörur sem tilgreind eru í valfrjálsta FLEGT-samstarfssamningunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB C 318, 23.12.2009, bls. 88.

(²) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (Stjtið. ESB C 184 E, 8.7.2010, bls. 145), afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 1. mars 2010 (Stjtið. ESB C 114 E, 4.5.2010, bls. 17) og afstaða Evrópuþingsins frá 7. júlí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(³) Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

- 8) Þar sem vandamálið er viðamiklægt og brýnt er nauðsynlegt að styðja á virkan hátt baráttuna gegn ólöglegu skógarhöggi og tengdum viðskiptum, styðja og styrkja framtaksverkefnið um valfrjálsa FLEGT-samstarfs-samninga og bæta samvirkni milli stefna sem miða að því að vernda skóga og ná viðtækri umhverfisvernd, þ.m.t. að berjast gegn loftslagsbreytingum og minnkandi líffræðilegri fjölbreytni.
- 9) Viðurkenna skal átak landa sem hafa gert valfrjálsa FLEGT-samstarfssamninga við Sambandið og samþykkt meginreglur samninganna, einkum að því er varðar skilgreininguna á löglega framleiddu timbri, og hvetja skal lönd í auknum mæli að gera valfrjálsa FLEGT-samstarfssamninga. Taka skal tillit til þess að samkvæmt FLEGT-leyfiskerfinu er einungis timbur sem er höggvið í samræmi við viðeigandi landslöggjöf og timburvörur úr slíku timbri flutt út til Sambandsins. Timbur í timburvörum, sem tilgreindar eru í II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2173/2005 frá 20. desember 2005 um að koma á fót FLEGT-leyfiskerfi fyrir innflutning á timbri til Evrópubandalagsins ⁽¹⁾, og er upprunnið í samstarfslöndum, sem tilgreind eru í I. viðauka við þá reglugerð, skal því teljast vera löglega höggvið að því tilskildu að timburvörunar samræmist fyrrgreindri reglugerð og öllum framkvæmdarákvæðum.
- 10) Einnig skal taka tillit til þess að með samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu er sú krafa gerð að aðilar að samningnum veiti einungis leyfi samkvæmt samningnum fyrir útflutningi ef tegundir sem tilgreindar eru í samningnum hafa verið nýttar, m.a. í samræmi við landslöggjöf í útflutningslandinu. Timbur af tegundum, sem eru tilgreindar í viðauka A, B eða C við reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau ⁽²⁾, skal því teljast vera löglega höggvið að því tilskildu að það samræmist fyrrgreindri reglugerð og öllum framkvæmdarákvæðum.
- 11) Með það í huga að hvetja skuli til notkunar endurunnins timburs og timburvara og það að slíkar vörur falli undir gildissvið þessarar reglugerðar myndi leggja óhóflugar byrðar á rekstraraðila skulu timbur og timburvörur, sem lokið hafa endingartíma sínum og væri annars fargað sem úrgangi, falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 12) Ein af ráðstöfununum í þessari reglugerð skal vera bann við setningu timburs sem er ólöglega höggvið, eða timburvara úr slíku timbri, í fyrsta skipti á innri markaðinn. Með tilliti til þess hversu flókið ólöglegt skógarhögg er,
- undirliggjandi ástæðna fyrir því og áhrifa þess skal grípa til sértækra ráðstafana, s.s. þeirra sem beinast að atferli rekstraraðila.
- 13) Í tengslum við FLEGT-aðgerðaáætlunina getur framkvæmdastjórnin og, eftir því sem við á, aðildarríkin stutt og annast athuganir og rannsóknir varðandi umfang og eðli ólöglegs skógarhöggs í mismunandi löndum og gert slíkar upplýsingar aðgengilegar öllum, ásamt að styðja að rekstraraðilum séu veittar hagnýtar leiðbeiningar um gildandi löggjöf í löndum sem framleiða timbur.
- 14) Ef alþjóðlega samþykkt skilgreining er ekki fyrir hendi skal löggjöfin í landinu þar sem timbrið er höggvið, þ.m.t. reglugerðir ásamt framkvæmd í því landi á viðeigandi alþjóðasamningum sem landið er aðili að, vera grunnurinn fyrir skilgreininguna á því hvað telst ólöglegt skógarhögg.
- 15) Margar timburvörur eru unnar á margs konar hátt áður og eftir að þær eru settar á innri markaðinn í fyrsta skipti. Í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrði skulu einungis rekstraraðilar sem setja timbur og timburvörur á innri markaðinn í fyrsta skipti falla undir kerfi áreiðanleikakannana en gerð skal sú krafa að kaupmenn í aðfangakeðjunni veiti grunnupplýsingar um birgja þeirra og kaupendur til að hægt sé að rekja timbur og timburvörur.
- 16) Rekstraraðilar, sem setja timbur og timburvörur í fyrsta skipti á innri markaðinn, skulu, á grundvelli kerfisbundinnar nálgunar, gera viðeigandi ráðstafanir til að ganga úr skugga um að timbur sem er ólöglega höggvið og timburvörur úr slíku timbri séu ekki sett á innri markaðinn. Í því skyni skulu rekstraraðilar sýna áreiðanleika með því að nota kerfi sem felur í sér ráðstafanir og verklagsreglur til að lágmarka áhættuna á að timbur sem er ólöglega höggvið og timburvörur úr slíku timbri séu sett á innri markaðinn.
- 17) Kerfi áreiðanleikakannana tekur til þriggja þátta sem felast í áhættustjórnun: aðgangi að upplýsingum, áhættumats og að draga úr greindri áhættu. Kerfi áreiðanleikakannana skal veita aðgang að upplýsingum um uppruna og birgja timbursins og timburvaranna sem eru sett á innri markaðinn í fyrsta skipti, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um hvort farið sé að gildandi löggjöf, um landið þar sem skógarhögg fer fram, tegundir, magn og, eftir því sem við á, svæðið í landinu þar sem timbrið er höggvið og sérleyfi til skógarhöggs. Rekstraraðilar skulu annast áhættumat á grundvelli fyrrgreindra upplýsinga. Ef áhætta uppgötvast skulu rekstraraðilar draga úr slíkri áhættu í réttu hlutfalli við viðkomandi áhættu með það í huga að koma í veg fyrir að timbur sem er ólöglega höggvið og timburvörur úr slíku timbri séu sett á innri markaðinn.

(¹) Stjtið. ESB L 347, 30.12.2005, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.

- 18) Í því skyni að koma í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrði skal þess ekki krafist að rekstraraðilar, sem þegar nota kerfi eða verklagsreglur sem samræmast kröfum þessarar reglugerðar, komi á fót nýjum kerfum.
- 19) Í því skyni að viðurkenna góðar starfsvenjur í skógræktargeiranum má nota vottun eða önnur sannprófuð kerfi þriðju aðila, sem fela í sér sannprófun á því hvort farið sé að gildandi löggjöf, við áhættumatsferlið.
- 20) Timburgeirinn er afar mikilvægur fyrir hagkerfi Sambandsins. Stofnanir rekstraraðila gegna mikilvægu hlutverki innan geirans þar sem þær annast hagsmuni þeirra síðarnefndu í stórum dráttum og eiga samskipti við mismunandi hagsmunaaðila. Þessar stofnanir búa einnig yfir sérþekkingu og getu til að greina viðkomandi löggjöf og auðvelda að aðilar þeirra hlíti henni en skulu ekki nota þessa hæfni til að ráða yfir markaðnum. Til að auðvelda framkvæmd þessarar reglugerðar og til að stuðla að þróun góðra starfsvenja þykir rétt að viðurkenna stofnanir sem hafa þróað kerfi áreiðanleikakannana sem uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð. Viðurkenning og afturköllun viðurkenningar á vöktunarstofnunum skal framkvæma á sanngjarnan og gagnsæjan hátt. Birta skal skrá yfir slíkar viðurkenndar stofnanir til að rekstraraðilar geti nýtt sér þær.
- 21) Lögbær yfirvöld skulu hafa reglulegt eftirlit með vöktunarstofnunum til að sannprófa að þær uppfylli skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á skilvirkan hátt. Lögbær yfirvöld skulu ennfremur leitast við að framkvæma eftirlit þegar þau hafa undir höndum upplýsingar sem skipta máli, þ.m.t. rökstuddar áhyggjur þriðju aðila.
- 22) Lögbær yfirvöld skulu fylgjast með því að rekstraraðilar uppfylli skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á skilvirkan hátt. Í þeim tilgangi skulu lögbær yfirvöld, eins og við á, framkvæma opinbert eftirlit í samræmi við áætlun sem getur falið í sér eftirlit með athafnasvæði rekstraraðilanna og úttekt á svæðinu, og þau skulu, ef nauðsyn krefur, geta krafist rekstraraðilana um aðgerðir til úrbóta. Lögbær yfirvöld skulu ennfremur leitast við að framkvæma eftirlit þegar þau hafa undir höndum upplýsingar sem skipta máli, þ.m.t. rökstuddar áhyggjur þriðju aðila.
- 23) Lögbær yfirvöld skulu halda skrár yfir eftirlit og viðeigandi upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál⁽³⁾.
- 24) Með tilliti til alþjóðlegs eðlis ólöglegs skógarhöggs og tengdra viðskipta skulu lögbær yfirvöld vinna saman og með stjórnvöldum þriðju landa og framkvæmdastjórninni.
- 25) Til að auðvelda rekstraraðilum, sem setja timbur eða timburvörur á innri markaðinn, að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð, með tilliti til aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, geta aðildarríkin, með hjálp framkvæmdastjórnarinnar þar sem það á við, veitt rekstraraðilum tækniaðstoð og aðra aðstoð ásamt því að auðvelda upplýsingaskipti. Slík aðstoð skal ekki leysa rekstraraðila undan þeirri skyldu að sýna áreiðanleika.
- 26) Kaupmenn og vöktunarstofnanir skulu forðast að grípa til ráðstafana sem gætu stofnað markmiði þessarar reglugerðar í hættu.
- 27) Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðurlög við brotum á þessari reglugerð, þ.m.t. brot af hálfu rekstraraðila, kaupmanna og vöktunarstofnana, séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Í landsreglum er heimilt að kveða á um, eftir að viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi hefur verið beitt vegna brota á banninu við setningu timburs sem er ólöglega höggvið eða timburvara úr slíku timbri á innri markaðinn, að slíku timbri og timburvörum skuli ekki endilega eytt heldur sé þess í stað hægt að nýta eða ráðstafa þeim í þágu almannahagsmuna.
- 28) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi málsmeðferðarreglurnar fyrir viðurkenningu og afturköllun viðurkenningar á vöktunarstofnunum, varðandi frekari viðeigandi viðmiðanir vegna áhættumats, sem geta verið nauðsynlegar sem viðbót við þær sem þegar er kveðið á um í þessari reglugerð og varðandi skrána yfir timbur og timburvörur sem falla undir þessa reglugerð. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.
- 29) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja ítarlegar reglur að því er varðar tíðni og eðli eftirlits lögbærra yfirvalda með vöktunarstofnunum og kerfum áreiðanleikakannana, nema að því er varðar frekari viðeigandi viðmiðanir vegna áhættumats. Í samræmi við 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu í reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður

(³) Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾ áfram, að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.

- 30) Rekstraraðilar og lögbær yfirvöld skulu fá hæfilegan frest til að þau geti búið sig undir að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.
- 31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, sem er að berjast gegn ólöglegu skógarhöggi og tengdum viðskiptum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á innri markað í fyrsta sinn og skyldur kaupmanna.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „timbur og timburvörur“: timbur og timburvörur sem tilgreind eru í viðaukanum, að undanskildum timburvörum eða íhlutum í slíkum vörum sem eru framleiddar úr timbri eða timburvörum sem hafa lokið endingartíma sínum og væri annars fargað sem úrgangi eins og skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang⁽²⁾,
- b) „setning á markað“: að setja með hvaða hætti sem er, óháð söluaðferð, timbur eða timburvörur í fyrsta skipti á innri markaðinn til dreifingar eða notkunar í tengslum við viðskiptastarfsemi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaus. Hún tekur einnig til sölu um fjarsamskiptamiðla eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga⁽³⁾. Sala á innri markaði á timburvörum úr timbri eða timburvörum sem þegar hafa verið settar á innri markað telst ekki til setningar á markað,

- c) „rekstraraðili“: hver sá einstaklingur eða lögaðili sem setur timbur eða timburvörur á markað,
- d) „kaupmaður“: einstaklingur eða lögaðili sem, í tengslum við viðskiptastarfsemi, selur eða kaupir á innri markaði timbur eða timburvörur sem þegar hafa verið settar á innri markaðinn,
- e) „land þar sem skógarhögg fer fram“: landið eða yfirráðasvæðið þar sem timbrið eða timbrið í timburvörunum var höggvið,
- f) „löglega höggvið“: merkir að höggvið er í samræmi við gildandi löggjöf í landinu þar sem skógarhöggið fer fram,
- g) „ólöglega höggvið“: merkir að höggvið er í bága við gildandi löggjöf í landinu þar sem skógarhöggið fer fram,
- h) „gildandi löggjöf“: löggjöf sem er í gildi í landinu þar sem skógarhöggið fer fram og felur í sér eftirfarandi:
- réttinn til skógarhöggs innan löglega skjalfestra svæðamarka,
 - greiðslu fyrir réttinn til skógarhöggs og fyrir timbur, þ.m.t. skyldur sem tengjast skógarhöggi,
 - skógarhögg, þ.m.t. umhverfislöggjöf og löggjöf í tengslum við skóga, m.a. skógarstjórnun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni, sem tengjast beint skógarhöggi,
 - lagalegan rétt þriðju aðila, að því er varðar notkun og ábúð, sem verða fyrir áhrifum vegna skógarhöggs og
 - viðskipti og tolla að því marki sem varðar skógræktargeirann.

3. gr.

Staða timburs og timburvara sem falla undir löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT) og samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES)

Timbur í timburvörum, sem tilgreindar eru í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2173/2005 og eru upprunnar í samstarfslöndum, sem tilgreind eru í I. viðauka við þá reglugerð, og eru í samræmi við reglugerðina og framkvæmdarákvæði hennar, skal teljast vera löglega höggvið að því er varðar þessa reglugerð.

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

(²) Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

(³) Stjtið. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

Timbur af þeim tegundum sem tilgreindar eru í viðauka A, B eða C við reglugerð (EB) nr. 338/97 og er í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og framkvæmdarákvæði hennar skal teljast vera löglega höggvið að því er varðar þessa reglugerð.

4. gr.

Skyldur rekstraraðila

1. Bannað er að setja á markað timbur úr ólöglega höggnu timbri og timburvörur úr slíku timbri.

2. Rekstraraðilar skulu sýna áreiðanleika þegar þeir setja timbur eða timburvörur á markað. Í því skyni skulu þeir beita ákveðnum verklagsreglum og ráðstöfunum (hér á eftir nefndar kerfi áreiðanleikakannana) eins og sett er fram í 6. gr.

3. Hver rekstraraðili skal viðhalda og meta reglulega kerfi áreiðanleikakannana sem hann notar, nema ef rekstraraðilinn notar kerfi áreiðanleikakannana sem vöktunarstofnun, sem um getur í 8. gr., kemur á. Nota má núverandi eftirlitskerfi samkvæmt landslöggjöf og hugsanleg valfrjáls umsjónarkerfi sem uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð sem grunn fyrir kerfi áreiðanleikakannana.

5. gr.

Skyldur er varða rekjanleika

Kaupmenn skulu, í allri aðfangakeðjunni, geta staðfest deili á:

- rekstraraðilunum eða kaupmönnum sem afhentu timbrið og timburvörurnar og,
- ef við á, kaupmennina sem þeir hafa afhent timbrið og timburvörurnar.

Kaupmenn skulu geyma upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, í a.m.k. fimm ár og skulu þeir afhenda lögbærum yfirvöldum þessar upplýsingar fari þau þess á leit.

6. gr.

Kerfi áreiðanleikakannana

1. Kerfi áreiðanleikakannana, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., skal fela í sér eftirfarandi þætti:

a) ráðstafanir og verklagsreglur sem veita aðgang að eftirfarandi upplýsingum um birgðir rekstraraðila af timbri eða timburvörum sem settar eru á markað:

- lýsingu, þ.m.t. viðskiptaheiti og vörutegund auk almenns heitis viðkomandi trjátegundar og, eftir atvikum, fullt vísindaheiti hennar,

– landið, þar sem skógarhöggið fór fram, og eftir atvikum:

i. svæðið í landinu þar sem timbrið var höggvið og

ii. sérleyfi til skógarhöggs,

– magn (gefið upp sem rúmmál, þyngd eða einingafjöldi),

– nafn og heimilisfang birgis rekstraraðilans,

– nafn og heimilisfang kaupmannsins sem hefur fengið afhent timbrið og timburvörurnar,

– skjöl eða aðrar upplýsingar sem gefa til kynna að timbrið og timburvörurnar eru í samræmi við gildandi löggjöf,

b) verklagsreglur vegna áhættumats sem gera rekstraraðilanum kleift að greina og meta áhættu í tengslum við timbur sem er ólöglega höggvið eða timburvörur úr slíku timbri við setningu á markað.

Slíkar verklagsreglur skulu taka mið af upplýsingunum í a-lið og viðeigandi viðmiðunum vegna áhættumats, þ.m.t.:

– fullvissa um að farið sé að gildandi löggjöf sem getur falið í sér vottun eða aðra tilhögun á vegum þriðja aðila sem tekur til þess hvort farið sé að gildandi löggjöf,

– útbreiðsla á ólöglegu skógarhöggi tiltekinna trjátegunda,

– útbreiðsla á ólöglegu skógarhöggi eða ólöglegum starfsháttum í landinu þar sem skógarhöggið fer fram og/eða á svæðinu í landinu þar sem timbrið var höggvið, þ.m.t. er tekið tillit til algengi vopnaðra átaka,

– viðurlög af hálfu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og ráðs Evrópusambandsins í tengslum við inn- og útflutning á timbri,

– hversu flókin aðfangakeðjan er að því er varðar timbur og timburvörur,

c) nema áhættan, sem tilgreind er í samræmi við verklagsreglurnar vegna áhættumatsins sem um getur í b-lið, sé óveruleg, ráðstafanir til að draga úr áhættu, sem samanstanda af ráðstöfunum og verklagsreglum sem eru fullnægjandi og í réttu hlutfalli til að lágmarka áhættuna á skilvirkan hátt, og sem geta falið í sér kröfu um viðbótarupplýsingar eða gögn og/eða kröfu um sannprófun þriðja aðila.

2. Samþykkja skal ítarlegar reglur, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., sem nauðsynlegar eru til að tryggja samræmda framkvæmd 1. mgr., nema að því er varðar frekari viðeigandi viðmiðanir vegna áhættumats sem um getur í öðrum málslíð b-liðar 1. mgr. Þessar reglur ber að samþykkja fyrir 3. júní 2012.

3. Með tilliti til markaðsþróunar og reynslunnar sem fæst við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með upplýsingaskiptunum sem um getur í 13. gr. og skýrslugjöfnum sem um getur í 3. mgr. 20. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar frekari viðeigandi viðmiðanir vegna áhættumats, sem geta verið nauðsynlegar sem viðbót þær sem um getur í öðrum málslíð b-liðar 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að tryggja markvirkni kerfi áreiðanleikakannana.

Sú málsmeðferð, sem sett er fram í 15., 16. og 17. gr., gildir fyrir framseldu gerðirnar sem um getur í þessari málsgrein.

7. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld til að bera ábyrgð á beitingu þessarar reglugerðar.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisföng þessara lögbæru yfirvalda eigi síðar en 3. júní 2011. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á heitum og heimilisföngum lögbæru yfirvaldanna.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir lögbær yfirvöld aðgengilega öllum, m.a. á Netinu. Skráin skal uppfærð reglulega.

8. gr.

Vöktunarstofnanir

1. Vöktunarstofnun skal:

- viðhalda og meta reglulega kerfi áreiðanleikakannana sem sett er fram í 6. gr. og veita rekstraraðilum rétt til að nota það,
- sannprófa rétta notkun þeirra rekstraraðila á kerfi áreiðanleikakannana,

c) gera viðeigandi ráðstafanir ef rekstraraðili notar kerfi áreiðanleikakannana ekki á réttan hátt, þ.m.t. að tilkynna lögbærum yfirvöldum ef röng notkun rekstraraðila á kerfinu er stórvægileg eða endurtekin.

2. Stofnun getur sótt um viðurkenningu sem vöktunarstofnun ef hún uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- hún hefur réttarstöðu lögaðila og hefur lagalega staðfestu í Sambandinu,
- hún hefur viðeigandi sérþekkingu og getuna til að sinna þeim störfum sem um getur í 1. mgr. og
- hún sér til þess að engir hagsmunaárekstrar eigi sér stað þegar hún sinnir sínum störfum.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki, viðurkenna umsækjanda, sem uppfyllir kröfurnar í 2. mgr., sem vöktunarstofnun.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þá ákvörðun um að viðurkenna vöktunarstofnun til lögbærra yfirvalda í öllum aðildarríkjunum.

4. Lögbæru yfirvöldin skulu framkvæma eftirlit með reglulegu millibili til að sannprófa hvort vöktunarstofnanirnar, sem starfa innan lögsögu lögbæru yfirvaldanna, haldi áfram að sinna þeim störfum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Eftirlit má einnig fara fram þegar lögbært yfirvald viðkomandi aðildarríkis hefur undir höndum upplýsingar sem skipta máli, þ.m.t. rökstuddar áhyggjur þriðju aðila, eða ef það hefur fundið annmarka á beitingu rekstraraðila á kerfi áreiðanleikakannana sem vöktunarstofnun kom á fót. Skýrsla um eftirlitið skal gerð aðgengileg í samræmi við tilskipun 2003/4/EB.

5. Komist lögbært yfirvald að þeirri niðurstöðu að vöktunarstofnun sinnir ekki lengur þeim störfum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eða uppfyllir ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skal það láta framkvæmdastjórnina vita þegar í stað.

6. Framkvæmdastjórnin skal afturkalla viðurkenningu vöktunarstofnunar ef, einkum á grundvelli upplýsinga sem lagðar eru fram skv. 5. mgr., hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að vöktunarstofnunin sinnir ekki lengur þeim störfum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. eða uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Áður en framkvæmdastjórnin afturkallar viðurkenningu vöktunarstofnunar skal hún tilkynna það viðkomandi aðildarríkjum.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þá ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu vöktunarstofnunar til lögbærra yfirvalda í öllum aðildarríkjum.

7. Í því skyni að bæta við reglurnar um málsmeðferð að því er varðar viðurkenningu og afturköllun viðurkenningar vöktunarstofnana og, ef reynslan sýnir að þess sé þörf, að breyta þeim getur framkvæmdastjórnin samþykkt framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og jafnframt tryggt að viðurkenning og afturköllun viðurkenningar fari fram á sanngjarnan og gagnsæjan hátt.

Sú málsmeðferð, sem sett er fram í 15., 16. og 17. gr., gildir fyrir framseldu gerðirnar sem um getur í þessari málsgrein. Þessar gerðir ber að samþykkja fyrir 3. mars 2012.

8. Samþykkja skal ítarlegar reglur, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., varðandi tíðni og eðli eftirlits, sem um getur í 4. mgr., sem nauðsynlegar eru til að tryggja skilvirkt eftirlit með vöktunarstofnunum og samræmda framkvæmd þeirrar málsgreinar. Þessar reglur ber að samþykkja fyrir 3. júní 2012.

9. gr.

Skrá yfir vöktunarstofnanir

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir vöktunarstofnanir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og gera hana aðgengilega á vefsetri sínu. Skráin skal uppfærð reglulega.

10. gr.

Eftirlit með rekstraraðilum

1. Lögbær yfirvöld skulu annast eftirlit til að sannprófa hvort rekstraraðilar uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 6. gr.

2. Eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., skal fara fram í samræmi við áætlun, sem er reglulega endurskoðuð, í kjölfar nálgunar sem byggist á áhættumati. Þar að auki getur eftirlit einnig farið fram þegar lögbært yfirvald hefur undir höndum upplýsingar sem skipta máli, þ.m.t. rökstuddar áhyggjur af hálfu þriðju aðila, og varða það hvort rekstraraðili farið að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., getur m.a. falið í sér:

a) athugun á kerfi áreiðanleikakannana, þ.m.t. áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu,

b) athugun á gögnum og skráum þar sem sýnt er fram á að kerfi áreiðanleikakannana og verklagsreglurnar virki á réttan hátt,

c) athugun á vettvangi, þ.m.t. úttekt á svæðinu.

4. Rekstraraðilar skulu veita alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að auðvelda eftirlitið sem um getur í 1. mgr., einkum að því er varðar aðgang að starfsstöðvum og framsetningu gagna eða skráa.

5. Með fyrirvara um 19. gr. og í kjölfar eftirlitsins sem um getur í 1. mgr. geta lögbær yfirvöld, ef annmarkar hafa fundist, gefið viðkomandi rekstraraðila fyrirmæli um að grípa til aðgerða til úrbóta. Að auki, og með hliðsjón af eðli þeirra annmarka sem hafa fundist, geta aðildarríki gripið til tafarlausra tímabundinna ráðstafana, m.a. eftirfarandi:

a) haldlagning timburs og timburvara,

b) bann við setningu timburs og timburvara á markað.

11. gr.

Skrár yfir eftirlit

1. Lögbær yfirvöld skulu halda skrár yfir eftirlitið sem um getur í 1. mgr. 10. gr., þar sem m.a. kemur fram eðli þess og niðurstöður, ásamt hugsanlegum fyrirmælum um aðgerðir til úrbóta sem gefin eru út skv. 5. mgr. 10. gr. Varðveita skal skrár yfir allt eftirlit í a.m.k. 5 ár.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu gerðar aðgengilegar í samræmi við tilskipun 2003/4/EB.

12. gr.

Samstarf

1. Lögbær yfirvöld skulu starfa saman og með stjórnvöldum þriðju landa og framkvæmdastjórninni til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórnina um alvarlega annmarka sem hafa fundist við eftirlitið, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr., og um hvers kyns viðurlög sem beitt er í samræmi við 19. gr.

13. gr.

Tækniástoð, leiðbeiningar og upplýsingaskipti

1. Með fyrirvara um skyldur rekstraraðilanna að sýna áreiðanleika, skv. 2. mgr. 4. gr., geta aðildarríkin, með ástoð framkvæmdastjórnarinnar eftir því sem við á, veitt rekstraraðilum tækniástoð, aðra ástoð og leiðbeiningar, með tilliti til aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, til að auðvelda að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, einkum í tengslum við framkvæmd kerfi áreiðanleikakannana í samræmi við 6. gr.

2. Aðildarríkin, með ástoð framkvæmdastjórnarinnar eftir því sem við á, geta auðveldað skipti og útbreiðslu á þeim upplýsingum sem skipta máli varðandi ólöglegt skógarhögg, einkum með það í huga að aðstoða rekstraraðila að meta áhættu, eins og hún er sett fram í b-lið 1. mgr. 6. gr., og bestu starfsvenjur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. Ástoð skal veitt á þann hátt að hún hafi ekki áhrif á ábyrgð lögbæru yfirvaldanna og varðveiti sjálfstæði þeirra við framfylgd þessarar reglugerðar.

14. gr.

Breytingar á viðaukanum

Til að taka tillit til annars vegar reynslunnar sem fæst við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með skýrslugjöfni sem um getur í 3. og 4. mgr. 20. gr. og upplýsingaskiptunum eins og um getur í 13. gr., og hins vegar þróunar að því er varðar tæknilega eiginleika, endanlega notendur og framleiðsluferli fyrir timbur og timburvörur, er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins með breytingu á og viðbótum við skrána yfir timbur og timburvörur sem sett er fram í viðaukanum. Slíkar gerðir skulu ekki hafa í för með sér óhóflegar byrðar á rekstraraðila.

Sú málsmeðferð sem sett er fram í 15., 16. og 17. gr., gildir fyrir framseldu gerðirnar sem um getur í þessari grein.

15. gr.

Meðferð framsalsheimilda

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., 7. mgr. 8. gr. og 14. gr., í sjö ár á tímabili sem hefst 2. desember 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok þriggja ára tímabils eftir gildistökudag þessarar reglugerðar. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 16. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr.

16. gr.

Afturköllun framsalsheimilda

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. mgr. 6. gr., 7. mgr. 8. gr. og 14. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

17. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt framseldri gerð þegar þetta tímabil rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmælir framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun, sem andmælir framseldu gerðinni, skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

18. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT) sem komið var á fót með 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2173/2005.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

19. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt.

2. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og geta m.a. falið í sér:

a) sektir í réttu hlutfalli við umhverfisspjöllin, gildi viðkomandi tímurs eða timburvara, skattalegt tap og þann efnahagslega skaða sem leiðir af brotinu, þar sem fjárhæðir slíkra sekta eru reiknaðar á þann hátt að tryggt sé að þeir sem bera ábyrgð verði sviptir þeim efnahagslega ávinningi sem leiðir af alvarlegum brotum, með fyrirvara um lögmætan rétt til að stunda vinnu, og að fjárhæðir slíkra sekta hækki við alvarleg og endurtekin brot,

b) haldlagningu tímurs og timburvara,

c) tafarlausa, tímabundna ógildingu leyfis til að eiga viðskipti.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og skulu tilkynna henni, án tafar, um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

20. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. apríl annað hvert ár eftir 3. mars 2013, skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar á næstliðnum tveimur árum.

2. Á grundvelli þessara skýrslna skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu sem leggja skal fyrir Evrópuþingið og ráðið á tveggja ára fresti. Við undirbúning skýrslunnar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þeirrar framþróunar sem orðið hefur við gerð og beitingu valfrjálsu FLEGT-samstarfssamninganna, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2173/2005, og framlags þeirra til að lágmarka timbur sem er ólöglega höggvið og timburvörur úr slíku timbri á innri markaðinum.

3. Eigi síðar en 3. desember 2015 og á sex ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli skýrslugjafarinnar um og reynslunnar af beitingu þessarar reglugerðar, endurskoða framkvæmd og skilvirkni reglugerðarinnar, m.a. varðandi það að koma í veg fyrir setningu tímurs sem er ólöglega höggvið og timburvara úr slíku timbri á markað. Framkvæmdastjórnin skal einkum taka til athugunar stjórnsýslulegar afleiðingar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ásamt því hvaða vörur falla þar undir. Skýrslunni mega fylgja tillögur að nýrri löggjöf, ef nauðsyn krefur.

4. Fyrsta skýrslan sem um getur í 3. mgr. skal innihalda mat á núverandi efnahagslegri og viðskiptalegri stöðu Sambandsins með tilliti til varanna sem tilgreindar eru í 49. kafla sameinuðu nafnaskrárinnar, einkum með tilliti til samkeppnishæfni viðeigandi geira, til að taka til athugunar hvort það skuli færa þær í skrána yfir timbur og timburvörur sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

Skýrslan, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal einnig innihalda mat á skilvirkni bannsins við að setja timbur sem er ólöglega höggvið og timburvörur úr slíku timbri á markað eins og sett er fram í 1. mgr. 4. gr., ásamt kerfi áreiðanleikakannana sem sett er fram í 6. gr.

21. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 3. mars 2013. Hins vegar gilda 6. gr. (2. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (7. og 8. mgr.) frá og með 2. desember 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. október 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

O. CHASTEL

VIÐAUKI

Timbur og timburvörur samkvæmt flokkuninni í sameinuðu nafnaskránni sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð ráðsins nr. 2658/87 ⁽¹⁾, sem þessi reglugerð gildir um

- 4401 Eldiviður í bolum, bútum, greinum, hrísknippum eða áþekkri mynd; viður sem spænir eða agnir; sag og viðarúrgangur og viðarrusl, einnig mótað í boli, kubba, köggla eða áþekka mynd
 - 4403 Trjábólir óunnir, einnig birktir eða safaviður fjarlægður, eða gróflega tilhöggðir
 - 4406 Brautarbitar fyrir járnbrautir eða sporbrautir (þvertré) úr viði
 - 4407 Viður sagaður eða höggvinn eftir endilöngu, flagaður eða birktur, einnig heflaður, slípaður eða endaskeyttur, yfir 6 mm að þykkt
 - 4408 Þynnur til spónlagningar (þar með taldar þynnur fengnar með því að flaga lagskipaðan við), í krossvið eða áþekkan lagskipaðan við og annar viður, sagaður eftir endilöngu, flagaður eða birktur, einnig heflaður, slípaður, splæstur eða endaskeyttur, ekki yfir 6 mm á þykkt
 - 4409 Viður (þar með taldar lengjur og myndræmur í parketgólf, ósamsett) samfelld uninn (*e. continuously shaped*) (plægður, grópaður, fasaður, sniðheflaður, v-skeyttur, skrautheflaður, mótaður, rúnnaður eða þess háttar) á hvaða brún, enda eða hlið sem er, einnig heflaður, slípaður eða endaskeyttur
 - 4410 Spónaplötur, aspeníplötur og áþekkar plötur (t.d. flöguplötur) úr viði eða öðrum viðarkenndum efnum, einnig mótaðar með resínum eða öðrum lífrænum bindiefnum
 - 4411 Trefjaplötur og áþekkar plötur úr viði eða öðrum viðarkenndum efnum, einnig límðar saman með resínum eða öðrum lífrænum efnum
 - 4412 Krossviður, spónlagðar plötur og áþekkur lagskiptur viður
 - 44130000 Hertur viður, í blokkum, plötum, ræmum eða prófillaga
 - 441400 Viðarrámmar fyrir málverk, ljósmyndir, spegla eða áþekka hluti
 - 4415 Umbúðakassar, öskjur, grindur, hylki og áþekkar umbúðir, úr viði; kapalkefli úr viði; vörubretti, kassabretti og önnur farmbretti, úr viði; skjólborð fyrir vörubretti, úr viði
- (Ekki pökkunarefni sem eingöngu er notað sem pökkunarefni til að styðja við, vernda eða flytja aðra vöru sem setja skal á markað)
- 44160000 Ámur, tunnur, ker, balar og aðrar beykisvörur og hlutar til þeirra, úr viði, þ.m.t. tunnustafir
 - 4418 Trésmíðavörur til bygginga, þar með talið holviðarþiljur, samsett gólfborð og þakspónn

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

- Pappírsmauk og pappír í 47. og 48. kafla í sameinuðu nafnaskránni, þó ekki úr bambus og endurheimtum vörum (úrgangur og rusl)
 - 940330, 940340, 94035000, 940360 og 94039030 viðarhúsgögn
 - 94060020 Forsmíðaðar byggingar
-